

Fundargerð 18. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 13. apríl 2015

Mánudaginn 13. apríl 2015 kl. 14:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Mættir voru: Róbert Ragnarsson formaður, Steinunn María Sveinsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Gauti Jóhannesson. Anna Lind Ragnarsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld

Rætt um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld. Með frumvarpinu er verið að festa gjaldið til þriggja ára en ekkert er talað um hlut sveitarfélaga í því.

Samþykkt að taka málið upp á næsta stjórnarfundum sem verður föstudaginn 17. apríl nk.

2. Ráðstöfun ráðherra á 5,3% aflaheimildum

Gauti gerði grein fyrir fundi sem hann sat fyrir hönd samtakanna með starfshópi sem er að fjalla um ráðstöfun ráðherra á 5,3% aflaheimildum sem ráðstafað er í byggðakvóta, aflamark Byggðastofnunar, strandveiðar, línuviltun, áframeldi í þorski og frístundaveiðar.

Til kynningar.

3. Trillan - smáforrit um íslenskan sjávarútveg ætlað miðstigi í grunnskóla

Starfsmaður gerði grein fyrir stöðu verkefnisins sem gert er ráð fyrir að klárast snemma í haust.

Til kynningar.

4. Vorfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Ferðin var rædd og beðið er eftir lokadagskrá en ferðin verður 12.-13. maí nk. á Vestfjörðum. Starfsmanni falið að panta flug fyrir stjórnina. Lokadagskrá verður tekin fyrir á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:35

Fundargerð skráði VRH